

Mánudaginn 19. maí 1919.

Nr. 76/1918:

Metúsalem Jóhannsson
f. h. hlutafélagsins »Gissur hvít«
gegn
Einari Eymundssyni

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði Einar Eymundsson sjómaður í Hverfisgötu 55 hér í bænum fyrir sjódomi Reykjavíkur gegn Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra hér í bænum fyrir hönd hlutafélagsins »Gissur hvít« og gjörði hann fyrir sjóréttinum þær kröfur, að áfrýjandi yrði dæmdur til þess fyrir hönd félagsins að greiða sér eftirstöðvar af kaupum 240 kr. með 5% ársvöxtum frá stefnudegi 6. Júlí 1917 til greiðsludags, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í mótorbátnum »Gissuri hvíta«, eign nefnds hlutafélags og að honum verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins. Áfrýjandi krafðist þess hins vegar fyrir sjóréttinum, að hann fyrir félagsins hönd yrði algjörlega sýknaður af kröfum sækjanda, og höfðaði jafnframt gagnsök á hendur honum, og krafðist þess að hann yrði dæmdur til að greiða sér fyrir hönd téðs hlutafélags 600 kr. sem skaðabætur fyrir skemdir á vélinni í mótorbátnum »Gissuri hvíta« o.fl. með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 10. okt 1917 til greiðsludags og málskostnað eftir mati réttarins.

Málum þessum lauk svo fyrir sjóréttinum með dómi uppkveðnum 29. júlí f. á., að Metúsalem Jóhanns-

son f.h. h/f. »Gissur hvíti« var dæmdur til að greiða Einari Eymundssyni 175 kr. með 5 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og var sjóveðréttur hans í mótorbátnum »Gissuri hvíta« fyrir þessari upphæð viðurkenndur; svo var áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 100 kr. í málskostnað í aðal-sök og gagnsök.

Þessum dómi hefir Metúsalem Jóhannsson f.h. h/f. »Gissur hvíti« skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. desbr. f.á., og krafist þess að hinum áfrýjaði dómi verði hrundið og breytt þannig að allar kröfur hans fyrir undirrétti verði teknar til greina. Svo krefst hann þess að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi Einar Eymundsson hefir frá sinni hálfu krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir yfirrétti eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, að haustið 1916 rjæðst stefndi sem háseti á mótorbátinn »Gissur hvíta« gegn ákveðinni hlutdeild í afla skipsins, en með því að vélstjóri bátsins veiktist nokkru síðar fékk skipstjórinn stefnda til að gæta vélarinnar á meðan. Gegndi hann þessu starfi í hálfan annan mánuð, eða frá 2. desbr. 1916 til 16. jan. 1917. Telur stefndi að sér beri kaup sem vélstjóri fyrir þann tíma, er hann gegndi vélstjórastarfinu, 175 kr. á mánuði eða alls 262 kr. 50 a. þessari kröfu mótmælir áfrýjandi, og heldur því fram að um það hafi ekki verið samið, heldur hafi stefnda aðeins verið lofuð aukapóknun fyrir starfið, er þó var ótiltekin, og er það komið fram í málinu að áfrýjandi

hefir greitt stefnda 25 kr. í þessu skyni, auk kaups þess, er honum bar sem háseta, og heldur hann því fram að stefndi eigi ekki tilkall til frekar greiðslu út af þessu.

Það verður nú að líta svo á, að stefndi eigi ekki heimtingu á öðru en einhverri þóknun fyrir starf sitt, sem vélstjóri umgetinn tíma. Um upphæð þessarar þóknunar var ekki samið, en hún þykir hæfilega ákveðin af sjóðóminum 150 kr. Uppi þetta hefir áfrýjandi þegar greitt 25 kr., og verða þá eftir 125 kr., sem áfrýjandi var í undirrétti dæmdur til að greiða stefnda.

Þá hefir stefndi haldið því fram að eftir að báturinn var kominn inn og hinn upphaflegi ráðningartími var á enda, hafi hann unnið í 5 daga við hreinsun á vél skipsins með hinum ráðna vélstjóra, og krefst hann 10 kr kaups á dag fyrir þessa daga eða 50 kr.; þessa kröfu tók sjóðómurinn til greina. Áfrýjandi mótmælir þessari kröfu og neitar að stefndi hafi unnið að þessu verki eftir að ráðningartíminn var liðinn, og auk þess telur hann dagkaup það, er stefndi reiknar sér, alltof hátt. Skipstjórinn á bátnum hefur borið það sem vitni, að stefndi hafi unnið að hreinsun vélarinnar nokkra daga eftir að hann hafði látið af vélstjórastarfinu og að hann áleti að dagatalan geti verið rétt. Með þessu verður að telja að stefndi hafi eftir atvikum fært nægilega sönnun fyrir því, að hann hafi unnið þetta verk, en gegn mótmælum áfrýjanda þykir eigi næg ástæða til að ákveða borg-

unina hærri en 6 kr. á dag; og tekst þá þessi krafa til greina með 30 kr.

Í gagnsökinni hefur áfrýjandi haldið því fram, að fyrir hirðuleysi og trassaskap stefnda, hafi þann tíma, er stefndi gætti vélarinnar í bátnum, brotnað vatnskælt cylínderlok, er kostað hafi 500 kr. og auk þess hafi brotnað og glatast ýms^a smástykki tilheyrandi vélinni, alls fyrir 100 kr. Gjörir hann þannig kröfu til 600 kr. skaðabóta hjá stefnda, en gegn eindreginni neitun stefnda hefir áfrýjandi ekki sannað að skemdir þessar séu trassaskap og hirðuleysi hans að kenna og verða kröfur áfrýjanda í gagnsökinni fyrir því ekki teknar til greina.

Ákvæði sjóðómsins um sjóveðrétt stefnda í mótorbátnum »Gissur hvíti« fyrir kaupkröfu sinni og um málskostnað samþykkist. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rétt vera :

Áfrýjandi Metúsalem Jóhannsson f.h. hlutafélagsins »Gissur hvíti« greiði stefnda Eínari Eymundssyni 155 kr. með 5 % ársvöxtum frá 6. júlí 1917 til greiðsludags, og hefir stefndi sjóveðrétt í mótorbátnum »Gissuri hvíta« fyrir þessari upphæð. Svo greiði áfrýjandi stefnda 100 kr.

í málskostnað fyrir undirrétti og 30 kr í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 19. maí 1919.

Nr. 59/1918:

H. Debell Jón Laxdal og
Loftur Loftsson
gegn
Th. Thorsteinsson.

D ó m u r :

Mál þetta höfðuðu áryjendurnir, H. Debell framkvæmdarstjóri, Jón Laxdal stórkaupmaður og Loftur Loftsson útgerðarmaður á bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda Th. Thorsteinson kaupmanni til að fá hann dæmdan til að greiða þeim kr. 13941. 10 með 6% ársvöxtum í skadabætur fyrir sammingsrof, svo og málskostnað, en stefndi krafðist hins vegar sýkunar af þessum kröfum og hóf jafnframt gagnsök á hendur þeim Debell til endurgreiðslu á 5000 kr., er hann hefði ofgreitt þeim með 5 % vöxtum og málskostnaði. Var málinu ráðið til lykta á bæjarþinginu með dómi uppkveðnum 1. ág. f.á., á þá leið að stefndi skyldi í aðalmálinu greiða áfrýjendum kr. 121.10 með 6%